



**Samningur fyrir báta undir 12 brl.**

Félag smábátaeigenda Höfn

og

Verkalýðsfélagið Jökull

## Samningur fyrir báta undir 12 brl.

1. Aldrei skal skipt í fleiri staði en menn eru á skipi í hverri veiðiferð.

Forfallist ráðinn skipverji skal lágmarkskaup hans skiptast milli þeirra manna sem þann róður fara.

2. Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningatímanum. Frá 1. janúar 1991 skal lágmarkskaup eins skipverja vera kr. 80.000- á mánuði og skal það taka sömu breytingum og kauptrygging háseta skv. kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

3. Um skiptaverð fer skv. lögum nr. 21/1987 og kjarasamningi SSÍ og LÍÚ.

4. Skipverjar skulu fá í sinn hlut eftirtalinn hundruðshluta af skiptaverði miðað við þær veiðar sem eru stundaðar.

- a) Netaveiðar.

Skipverjar skuli fá 45% af skiptaverði í sinn hlut miðað við 3 menn.

- b) Línuveiðar.

- i) Þegar beitt er í landi skulu skipverjar fá 47% af skiptaverði í sinn hlut miðað við 3 menn

- ii) Á bátum með beitningavél skulu skipverjar fá 42% af skiptaverði í sinn hlut miðað við 3 menn.

Á línuveiðum skulu laun við uppstokkun og laun við beitningu dregin frá útreiknuðum afafllut áður en deilt er með mannfjölda.

Skipverjar taka ekki þátt í beitukostnaði.

- c) Handfæraveiðar

Skipverjar skulu fá 45% af skiptaverði í sinn hlut miðað við 2 menn

Séu fleiri menn á skipi en ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 3,5% stig fyrir hvern mann sem er umfram.

- 5 Til viðbótar ofangreindu lágmarkskaupi eða aflahlut skal greiða 10,17% orlof. Að öðru leyti fer um orlof skv. orlofslögum.

6. Veikinda-og slysalaun skal greiðast samkvæmt sjómannalögum.

Um líf – og örorkutryggingar fer samkvæmt lögum nr. 34/1985

Höfn 10-01-1991

F.h. Félags smábátæigenda Höfn  
með fyrirvara um samþykki félagsins

Einar Kristjánsson

Esjar Stefánsson

Bjarni Garðarsson

f.h. Verkalýðsfélagsins Jökuls  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Björn Grétar Sveinsson

Hólmgeir Jónsson

Þorkell Kolbeins

Reynir Guðmundsson

Ingibjörg Ingimundardóttir

Hera Guðmundsdóttir

Jóhanna Stígisdóttir

Rannveig Sverrisdóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Skúli Ísleifsson

Guðni Hermannsson

## Fylgiskjal með smábátasamningi.

Hækkun á kauptryggingu í samræmi við kauptryggingu í samningi SSÍ/LÍÚ

Frá 1 janúar 1991	80.000 kr
Frá 1. mars 1991	82.240 kr
Frá 1. júní 1991	84.354 kr
Frá 1 maí 1992	86.294 kr
Frá 15. júní 1995	90.005 kr
Frá 1. janúar 1996	92.705 kr
Frá 27. mars 1998	104.757 kr
Frá 1. janúar 1999	108.581 kr
Frá 16. maí 2001	152.013 kr
Frá 1 janúar 2002	156.573 kr
Frá 1. janúar 2003	161.270 kr
Frá 30. október 2004	168.124 kr
Frá 1. janúar 2005	173.168 kr
Frá 1. janúar 2006	179.229 kr
Frá 1. janúar 2007	184.426 kr
Frá 1. janúar 2008	190.881 kr
Frá 1. janúar 2009	222.381 kr
Frá 1. janúar 2010	228.881 kr